

**57. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi
56, Selfossi, mánudaginn 18. maí 1998, kl. 10:00**

Mættir: Karl Björnsson, Grétar Zophaníasson, Ágúst Ingi Ólafsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

- 1. Drög að starfsleyfi fyrir Sorpstöð Suðurlands til umsagnar.**
Samþykkt að gera lítilsháttar athugasemdir við drögin.
- 2. Hreinsunaráttak á Suðurlandi og samþykkt stjórnar SASS frá 6. maí sl., þar að lútandi.**
Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um kynningu átaksins sem fer fram 25. maí til 14. júní nk.
- 3. Flokkun og móttaka spilliefna - tillaga að rammasamningi.**
Stjórnin tók vel í hugmyndina og fól framkvæmdastjóra að kynna hana fyrir bæjartæknifræðingi Selfoss.
- 4. Auðsholtsmál.**
Formaður kynnti stöðu mála, málflytningur fór fram 12. maí sl., en von er á úrskurði innan fjögurra vikna.
- 5. Undirbúningur að stofnun kjötmjölsverksmiðju.**
Lögð fram fundargerð verkefnisstjórnar frá 7. maí sl.
Líkur eru á að niðurstaða fái stund innan tíðar.
- 6. Málefni Funaplats.**
Rætt um endurvinnslu landbúnaðarplats, sem er erfiðleikum háð skv. upplýsingum fyrirtækisins.
- 7. Framtíð ráðgjafar á vegum Sorpstöðvarinnar.**
Framkvæmdastjóra falið að leggja fram greinargerð um málið.
- 8. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 1998.**
Samþykkt að stefna að reglulegum fundi 14. ágúst nk.

9. Önnur mál.

- a. Framkvæmdastjóri kynnti að útboð á urðunarrein verður auglýst nú í vikunni.
- b. Lagt fram bréf sem sent hefur verið til sveitarfélaganna um merkingar á gámum og gámasvæðum ásamt tillögum um merkingar.
- c. Bréf frá Ölfushreppi, dags. 13. maí sl., þar sem fram kemur að Andri Árnason hrl., hefur verið skipaður af hálfu Ölfushrepps í gerðardóm sbr. samþykkt framhaldsaðalfundar 6. febrúar sl.
Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 12:00

Karl Björnss.
Ágúst Ingi Ólafsson.
Grétar Zophaníasson.
Þorvarður Hjaltason.